

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um beitingu ákvæðis laga um útlendinga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hversu oft hefur 3. mgr. 36. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, verið beitt frá gildistöku laganna? Svar óskast sundurliðað eftir árum og móttökuríki.

Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hefur stofnunin ekki beitt 3. mgr. 36. gr. laganna. Má rekja það til þess að 2. mgr. sömu greinar er víðtækari og hefur þar af leiðandi frekar verið beitt í framkvæmd.